31. "Vínbruggunin" á Bakkanum.

Prentað í Austantórum III. bls. 90-92.

5 blöð qto.

## ~~„Vínbruggunin" á Bakkanum~~ 6

~~En svo ég víki að aðalefninu aftur, þá skal ég lýsa því, hvernig húsum vínbruggunarinnar á Eyrarbakka var háttað og hversvegna vínbruggunin var talin svo nauðsynleg sem raun var á.~~

Í norðurenda nýlenduvörubúðarinnar var allstórt afþiljað svæði, sem kallað var „Kjallarinn"; þetta var þó eigi hinn eiginlegi vínkjallari; hann var aðeins undir nokkrum hluta svæðisins og að nokkru eða mestu leyti undir einu stóra húsi sem sé vörugeymsluhúsinu. Inn um vesturhlið Kjallarans lá járnbrautin alla leið neðan frá sjó, um portið og inn í öll vörugeymsluhúsin. Þar sem járnbrautin endaði inni í Kjallaranum, var stórt op upp í gegnum loftið þar uppi yfir og voru vörurnar teknar þar af vögnunum og dregnar upp á loftin og skift niður í hinar ýmsu deildir.

Á Kjallaranum sátu oft tímunum og dögum saman nokkrir ungir menn, þeir er viðvaningar voru og ekki þurfti við til afgreiðslu frammi í búðinni fyr en á aðallestunum eða undir annir, þegar ösin var mikil, t.d. um og eftir vertíðarlokin og um Jónsmessuleytið; höfðu þessir menn ýms störf á hendi, því ávalt var vel séð fyrir því, að enginn væri iðjulaus. Þeir töldu og vigtuðu sleginn saum og steyptan, 50 og 100 stykki í hvert krippi; þeir vigtuðu hellulit, blástein, vitriol, brjóstsykur kanel og kúrennur o.fl. smávörur og bjuggu svo um, að hægara væri að afhenda þessar vörur, þegar að því kæmi, að ösin á aðallestunum varð svo mikil að nærri óviðráðanlegt var. Einn

gódan vedur dag ~~þá þeim~~, kom svo ad því, ad brugga þyrfti hid svonefnda „Kvennavín", og þá þótti mörgum okkar, sem jólin væru nú komin, því vínbruggunardagarnir voru samkalladir hátídisdagar, sem vid hlökkudum til allt árid, ad vid mættum lifa og stodu sem lengst, yrdu helzt fyri-eda fjör-helgir, reglulega stóru brandajól.

Þad var ofa gamall sidur þar vid verzlunina, ad sérhver sá, er þar hafdi fastan reikning, en þeir voru nær 4 þúsundum, fengu hinn svonefnda „ferdapela", þad var alloftast þriggjapela-flaska full af brennivíni, og var ferdapelinn ávalt ókeypis úti látinn, sem nokkurskonar uppbót, ásamt nokkru ödru smávegis, fyrir góð vidskifti. En þótt sjálfsagt þætti, ad hver karlmadur fengi ferdapelann sinn vel og svikalaust úti látinn, þá þótti hitt eigi sídur sjálfsagt og edlilegt, ad konan hans, kærastan eda „gamla konan", sem svolengi hafdi haft góð og mikil vidskifti vid verzlunina, fengi einnig ferdapelann sinn sendan heim til sín, til minja um gömlu vidskiftin eda sem vidurkenningu fyrir því, ad verzlunareigandinn eda forstjóri hennar, myndi líta eftir húsfreyjunni, kærustunni eda gömlu konunni, því þeir vissu þad vel og engu sídur en adrir, hve vel þad kom sér, ad fá slíka dýrmætis-sendingu heim á heimilid, ad margri konunni þótti þad meira en lítils-virdi, ad geta dregid upp „til-trekktu" vínflöskuna upp úr kistuhorninu og sýnt ná-

gamalkonu sinni, það, sem blessadur Kaupmadurinn
hafdi sent henni heim á lestunum í vor, með manninum hennar eda krakkanum hennar eda drengnum hennar,
o.s.frv. Kvennavins-ferdapelinn var margra tuga króna
verdur og meiri og betri vináttu- og virdingar-vottur frá
Kaupmannsins hendi, en nokkurn grunadi eda gæti þó
lýst og nú áttum vid ad fara ad brugga þennan ódáinsdrykk.
Hann var þannig gjördur:
Pelinn var stór flókahattur, grár ad lit, hreinn og vandlega
þveginn; hann var keilumyndadur og opid nálægt ein alin í þvermál. Þrjú bönd voru fest í röndina á opinu og hatturinn
látinn hanga þannig á þeim ofan frá bita í kjallaranum.

Hatturinn var sídan fylltur nærri til hálfs med ýmsum sætindum, svo sem rúsínum öllum úr sykurskúffunni og sídan
bætt í hann svo miklu af púdursykri (Farin) sem þurfa þótti; því
næst var sjóðandi vatni helt í hattinn og sykurlögurinn látinn
síast í gegnum hann ofan í afarstóran trébala eda stamp og
hæfilega miklum vínanda og kirsiberjalegi blandad saman
vid. En til þess ad liturinn á legi þessum yrdi sem fegurstur,
og líkastur mætti þeim, er Mardekaj Júdi skrýddist þegar
hann gekk í konunglegum skrúda út úr höll Ahasverusar konungs í borginni Súsa, eins og því er lýst í Esterarbók, 8. Kap.
15. versi, en það er hinn fagurrauði purpuralitur, var litur

sá, er indíánum nefnist eða öðru nafni alin, látum drjúpa í Kerið og lögurinn látinn kólna uns hægt væri að reyna hann með vínanda-mæli, er sýndi 3½ stig styrkleika.

Að þessu búnu voru teknir fram tveir trékassar tómir, þeim hvolft og sín þrí-kveykju-olíuvélin sett á hvorn þeirra. Á aðra þessara véla var svo látinn lítill skaft-pottur (Kasserolle) og í hann mulið grænt lakk eða rautt, sem látið var malla við hægan hita; á hina vélina var settur ofurlítill límpottur, límið mulið eða brotið í hann og ~~látið~~ það svo látið krauma. Þessu næst var stór skjóla fengin, full af sjóðandi vatni, og í hana látnir korktappar margir, svo þeir gætu bólgnað sem bezt, áður en þeir yrðu teknir í flösku-stútana, með tappavélinni, sem einnig var við hendina, á-samt 5-6 þumlunga löngum, flatmynduðum og ferstrend-um stálteini, sem síðar var not fyrir.

Nú var allt til reiðu, í góðri röð og reglu, svo, að óhætt var að byrja á athöfninni: Hella vínblöndunni í hálfs-annars-pela flöskur, reka tappa í stúta, með steyttum hnefa á bullustöng vélarinnar, dýfa flöskustútunum niður í bráðið lakkið, snúa þeim vandlega og velta þeim í hendi sér, svo lakkið ekki læki niður og loks að taka ferstrenda stálteininum og halda honum undir einum fingri eða tveim, ofan á miðunum, sem líma átti á flöskurnar, meðan því var strokið yfir þá, sitt hvorn megin við teininn og flöskunum

síðan valtað yfir þá, en ~~[illegible]~~ umgjörð myndanna var með myndum af vínberjaklönglum, og innan umgjörðarinnar með logagylltum engla-hámyndum í öllum hornum og vængjuðum Amor og Venus í miðju.

Þannig var þetta skápsmíðaverk okkar á að líta og „sjá – það var harla gott!"